



Upplýsingar um íslenskan sjávarútveg

Íslenskur sjávarútvegur er undirstöðuatvinnuvegur

Kostir kvótakerfisins

- Rúmur **þriðjungur útflutningstekna** á árinu 2008 var vegna útfluttra sjávarafurða
- Fyrir **hvert starf** í sjávarútvegi verður til **fjöldi afleiddra starfa** í öðrum atvinnugreinum; í banka- og fjármálaþjónustu, í olíudreifingu og verslun, í flutninga- og tryggingastarfsemi, í málm- og skipa-smíðaiðnaði og í prentun og umbúðaframleiðslu o. fl.
- Kvótakerfið er **grundvöllur** þess að á Íslandi er rekinn sjálfbær og arðbær sjávarútvegur
- Markmið fiskveiðistjórnunar á Íslandi er að **vernda fiskistofnana** og **hámarka arðsemina** af nýtingu þeirra
- Kvótakerfið skilar þjóðinni **mestum arði** af nýtingu auðlindarinnar og er ein **styrkasta stoð** velferðarkerfisins


- Útgerðin **skipuleggur veiðar og vinnslu** með tilliti til **markaðsaðstæðna** og atvinnuástands
- Með **frjálsu framsali** getur útgerðin ákveðið hvaða skip er notað við veiðarnar
- Kvótakerfið felur í sér **innbyggðan hvata** til góðrar umgengni um auðlindina. **Brottkast er bannað** samkvæmt lögum
- Stækkun flotans **stöðvuð**
- Markmið útgerðarinnar er að skapa sem **mest verðmæti**
- Kvótakerfið leggur grunn að **ábyrgri og árangursríkri** fiskveiðistjórnun

Afkoma sjávarútvegsfyrirtækja hefur gerbreyst

Framlegð (EBITDA) og hagnaður (tap) í sjávarútvegi

Upplýsingar frá Þjóðhagsstofnun, Hagstofu Íslands og LIÚ m/v svokallaða árgreiðsluaðferð.

Eins og sjá má á þessu súluriti hefur afkoma sjávarútvegsfyrirtækja gerbreyst til batnaðar undanfarin 20 ár.



Auðlindagjald rýrir tekjur ríkisins

- Auðlindagjald er **sértækur** landsbyggðarskattur þar sem 90% aflaheimildanna eru úti á landi
- Með auðlindagjaldi eru þeir sem hafa keypt eða áunnið sér aflaheimildir **skattlagðir sérstaklega umfram** aðra þjóðfélagsþegna
- Hagfræðistofnun HÍ telur að verulegar líkur séu á að **auðlindagjald lækki heildarskatttekjur** hins opinbera þegar fram í sækir
- Með auðlindagjaldi minnkar hagnaður og **tekju-skattur lækkar**. Eignir rýrna og **eignaskattur lækkar**. Þá telur stofnunin „afar sennilegt“ að gjaldið **dragi úr landsframleiðslu og þar með skatttekjum ríkisins**

Sjávarútvegur án ríkisstyrkja

- Íslenskur sjávarútvegur er rekinn **án ríkisstyrkja**. Íslensk útgerðarfirmir standa og falla með eigin gerðum og ákvörðunum
- Arðsemin veitir firmum svigrúm til áframhaldandi fjárfestingar og **uppbyggingar**
- Sjávarútvegur í samkeppnislöndum okkar er **stórlega ríkisstyrktur**. ESB veitti á síðasta ári tveimur milljörðum evra í styrki til útgerðarfirmir eða 320 milljörðum ísl. kr.

Frelsi, stöðugleiki og ábyrgð


- Grundvallaratriði fiskveiðistjórnunarinnar er að til séu **leikreglur** sem fylgt er til langframa
- **Frelsi** þarf að vera sem allra mest innan fiskveiðistjórnunarinnar
- **Stöðugleiki** þarf að ríkja um stjórnkerfi veiðanna. Rekstrarumhverfi þarf að vera stöðugt svo hægt sé að skipuleggja rekstur og fjárfestingu til lengri tíma
- Séreignaréttur eykur **ábyrgð** útvegsmanna og bætir umgengni við auðlindina

Tryggja ber rétt útgerðarfirmir

- **Tryggja ber rétt** sjávarútvegsfirmir á veiðheimildum
- Þeir sem hafa keypt veiðheimildir eða áunnið sér þær með veiðireynslu **njóta verndar eignarréttarákvæðis** stjórnarskrárinnar
- Óumdeilt er að **ríkið hefur óskoraðan rétt** til laga-setningar um stjórn, verndun og nýtingu fiskistofna; hve mikið má veiða, hvar, hvenær og hvernig

Fækkun fiskiskipa – betri störf


- **Markmið** með stjórnun fiskveiða er að ná fram hagræðingu í sjávarútvegi með meiri arðsemi og betri störfum
- Ein skýrasta birtingarmynd hagræðingar í kvótakerfinu er að **skipum hefur fækkað** jafnt og þétt og afli á skip aukist




Heimild: Fiskistofa

Hnignun þorsstofnsins stöðvuð með fiskveiðistjórnun

- Þegar hugmyndum um stjórnun fiskveiða í núverandi mynd var fyrst hreyft hérlendis hafði hrygningarstofn þorsks **farið stöðugt minnkandi frá árinu 1955** er hann mældist 938 þúsund tonn
- Þegar kvótakerfinu var komið á 1984 var hrygningarstofninn 141 þúsund tonn, aðeins **brot af því sem hann var 30 árum fyrr**
- Hrygningarstofn þorsks hefur á undanförunum árum **verið í vexti** og mælist nú 250 þúsund tonn



Heimild: Hafrannsóknastofnunin



Aflaheimildir eftir landsvæðum, þorskígildi í kg á íbúa

Aflaheimildirnar eru á landsbyggðinni

- Byggðaðpróun mótast af **samspili** fjölmargra þátta; atvinnu, samgöngum, skólum, heilsugæslu o.fl.
- Fiskveiðistjórnunarkerfið hefur **legið undir ámæli** fyrir að veikja byggðir landsins með tilfærslu veiðiheimilda
- Þrátt fyrir tilfærslur eru eftir sem áður um **90% aflaheimildanna** á landsbyggðinni
- Hagræðing í sjávarútvegi er **landsbyggðinni nauðsynleg** til að þar verði öflug sjávarútvegsfyrirtæki sem geta boðið samkeppnishæf störf

90% aflaheimilda hafa verið keyptar

- Rúm **90% aflaheimilda** í þeim fisk-tegundum sem upphaflega voru kvóta-settar, hafa verið keyptar
- Aflaheimildum var á sínum tíma úthlutað til þeirra sem höfðu **áunnið sér veiðireynslu** á tilteknu árabili – öllum var það frjálst!
- Hagræðing** í sjávarútvegi byggist m.a. á því að kaupa hlutdeild þeirra sem vilja hætta í útgerð
- Íslenskar útgerðir hafa lagt í mikinn kostnað til að afla sér – og þar með Íslandi – **veiðireynslu** úr deilistofnum (kolmunni, norsk-íslensk síld, makrill, þorskur í Barentshafi, úthafsrækja á Flæmingjagrunni o.fl. tegundir)

Þorskígildi, kg á hvern íbúa


Höfuðborgarsvæðið	218,5 kg	Grímsey	19.602,9 kg
Reykjanes	815,2 kg	Fjallabyggð	6.869,0 kg
Grindavík	9.069,0 kg	Eyjafjörður	1.695,6 kg
Þorlákshöfn	2.348,1 kg	Skagafjörður	2.597,2 kg
Árborg	290,0 kg	Strandir	1.201,9 kg
Vestmannaeyjar	7.145,0 kg	Vestfirðir-N	3.422,7 kg
Hornafjörður	6.379,5 kg	Vestfirðir-S	3.561,8 kg
Austfirðir-N	4.416,1 kg	Snæfellsnes	6.837,0 kg
Austfirðir-S	3.710,1 kg	Akranes	1.519,7 kg
Norðurþing	1.320,7 kg		

Heimild: Fiskistofa og Hagstofa Íslands

Kvótakerfið er ekki rót vandans

Þróun OMX 15 hlutabréfavísitölunnar, vísitölu aflahlutdeildar í þorski (kvótaverðs), vísitölu íbúðaverðs á höfuðborgarsvæðinu, neysluverðsvísitölu Hagstofu Íslands og verðvísitölu sjávarafurða/botnfisks

- Þeirri **staðleysu** er ítrekað haldið fram í daglegri umræðu að kvótakerfið sé **rót þess efnahagsvanda** sem íslenskt samfélag glímir nú við
- Á meðfylgjandi línuriti, sem sýnir þróun OMX 15 hlutabréfavísitölunnar, vísitölu aflahlutdeildar í þorski (kvótaverðs), verðvísitölu sjávarafurða/botnfisks, húsnæðisverðs á höfuðborgarsvæðinu og neysluvísitölu frá 2001 – 2009, má hins vegar sjá að **hækkun hlutabréfavísitölunnar var helsti hvati þenslu í íslensku efnahagslífi**




Samantekt LÍÚ


Skuldir sjávarútvegsins

Heildarskuldir sjávarútvegs 1997 til og með mars 2009

- Þeirri **staðleysu** er ítrekað haldið á lofti að íslenskur sjávarútvegur sé svo skuldum vafinn að hann rísi vart undir skuldbindingum sínum
- Það er óumdeilt að **skuldir** sjávarútvegsins eru umtalsverðar og þær **hækkuðu** ört með falli krónunnar á síðasta ári
- **Tekjur** sjávarútvegsfyrirtækja eru í erlendra mynt og **hækkuðu** einnig með gengisfalli krónunnar



Heimild: Seðlabanki Íslands og LÍÚ



- Skuldir íslenskra sjávarútvegsfyrirtækja voru 300 milljarðar í lok árs 2007. Það voru innan við **2% af heildarskuldum íslenskra fyrirtækja**, sem voru alls 15.685 milljarðar á þeim tíma

Aðild að ESB er ógn við sjávarútveginn

- Með aðild að ESB yrði **lagasetningarvaldið** í sjávarútvegsmálum **varanlega framselt** frá Alþingi til ráðherraráðsins í Brussel
- Væri Ísland aðili að ESB hefði landið **óverulegt atkvæðavægi** í ráðherraráðinu
- Forræði** og fyrirsvar í málefnum sjávarútvegs flyttist til **framkvæmdastjórnar ESB**
- Með aðild að ESB myndi Ísland **afsala sér valdi til samninga** um stjórn veiða úr deilistofnum
- Með aðild yrði Ísland að **gangast undir hina sameiginlegu fiskveiðistefnu sambandsins**. Árangurinn af henni er skelfilegur; ofveiði, allt of stór floti, óhagkvæmur rekstur og umfangsmikið og kostnaðarsamt styrkjakerfi
- Með aðild að ESB breytast lög um eignarhald erlendra aðila í íslenskum sjávarútvegsfyrirtækjum. Þar með er **engin trygging fyrir því að arður af sjávarútvegi flytjist ekki úr landi**

Upptökuleiðin (fyrningarleiðin) er þjóðnýting

- Upptökuleiðin felur í sér að **þeir sem hafa keypt aflaheimildir verða sviptir þeim**
- Upptökuleiðin vegur að rótum sjávarútvegsins; **eykur óstöðugleika og stórskaðar rekstur** sjávarútvegsfyrirtækja
- Upptökuleiðin **skapar óvissu um aflaheimildir** og leiðir til óhagkvæmni
- Upptökuleiðin **hvetur til skammtímahugsunar** á kostnað langtímahugsunar og **grefur þannig undan ábyrgri fiskveiðistjórnun**
- Þjóðin hefur **mestan ávinning** af veiðiheimildum með stöðugu rekstrarumhverfi sjávarútvegsins og að **fyrirtækin séu rekin á markaðslegum forsendum**
- Upptökuleiðin er Phyrrosarsigur fyrir þá sem hreppa veiðiheimildir á uppboði, þar sem **fórnarkostnaður er meiri en ávinningur**
- Upptökuleiðin er síðast en ekki síst **ný leið til gjaldtöku af sjávarútvegi** án tillits til afkomu fyrirtækjanna

Fiskveiðistjórnun er ekki mannréttindabrot

Mikið hefur verið rætt um tengsl mannréttinda og rétt manna til fiskveiða. Í stuttu máli hafa bæði Hæstiréttur Íslands og Mannréttindadómstóll Evrópu dæmt að íslenska fiskveiðistjórnarkerfið brjóti ekki gegn mannréttindaákvæðum íslensku stjórnarskrárinnar eða ákvæðum Mannréttinasáttmála Evrópu.

Mannréttindadómstóll Evrópu tók fyrir mál sjómanns sem hafði verið sakfelldur í Hæstarétti (mál nr. 455/2004) fyrir fiskveiðibrot með því að hafa veitt grásleppu innan netlaga án leyfis til veiða í atvinnuskyni (MDE nr. 40169/05). Dómstóllinn sagði í úrskurði sínum 2. desember 2008 að **fiskveiðiréttindi innan netlaga nytu verndar eignaréttarákvæðis Mannréttinasáttmálans**. Engu að síður væri ríkinu heimilt að setja reglur um stjórn fiskveiða sem byggðu m.a. á lögmætum verndarsjónarmiðum. **Krafa ríkisins um að sjómaðurinn hefði leyfi til veiða í atvinnuskyni braut ekki gegn ákvæðum Mannréttinasáttmála Evrópu**. Krafan fól ekki í sér mismun, en sjómaðurinn vísaði m.a. máli sínu til stuðnings til álit Mannréttindanefndar SP í máli 1306/2004, en dómstóllinn sagði að álit nefndarinnar hefði engin áhrif á niðurstöðu dómansins.

Mannréttindanefnd Sameinuðu þjóðanna, sem starfar á grundvelli Samnings um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi, gaf álit sitt í máli sem laut að fiskveiðibrotum tveggja sjómanna (CCPR 1306/2004). Þeir höfðu keypt

bát án aflahlutdeildar og ákváðu að fara til veiða, án þess að eiga veiðiheimildir. Þeir voru sakfelldir fyrir fiskveiðibrot í Hæstarétti (mál nr. 473/2002). Þeir skutu málinu til nefndarinnar í september 2003, en meirihluti hennar gaf það álit að það væri ósanngjarnt að þeir þyrftu að kaupa veiðiheimildir af þeim sem fengu úthlutaðar heimildir þegar kvótakerfinu var komið á.

– **Nefndin viðurkenndi að það væri lögmætt að takmarka fiskveiðar.**

– Það vó þungt í rökstuðningi meirihluta nefndarinnar að í fyrstu grein laga um stjórn fiskveiða segir að nytjastofnar á Íslandsmiðum séu sameign íslensku þjóðarinnar.

Álit mannréttindanefndarinnar er ekki dómur eða úrskurður, heldur álit tólf einstaklinga af átján, sem hefur ekki skuldbindandi gildi að landsrétti fyrir íslensk stjórnvöld eða dómstóla.